

Siglingaklúbburinn Þytur

Stjórnarfundur 01.03. 2001

Dagskrá: Ekki auglýst fyrirfram

Fundur settur: 20:17

Mættir: Gunnar Geir Halldórsson (GGH), Haraldur Ágústsson (HÁ), Trausti Ævarsson (TÆ), Birna Sigþórsdóttir (BS).

1. Síl þing

TÆ átti að vera aðalmaður á þinginu, en verður fjarverandi. HÁ varamaður í hans stað.

2. Tilnefning í stjórn SÍL.

Egill Kolbeinsson (EK) hefur símasamband við fundinn. Friðrik Friðriksson hefur fallist á að verða fulltrúi Þyts í SÍL.

3. Fjarvera EK

EK er á fundi með Benedikt Alfonssyni, hvað þeim fer á milli bíður næsta fundar.

4. Wafer

TÆ hefur fengið gögn um varahluti í Wafer. Er ekki búinn að fullskoða. Engar tölur eru tilbúnar strax. Klúbbsegl kostar ca. 90.000 án skatta og gjalda. Leggur fyrir fund síðar áætlaðan kostnað. GGH finnst gott að eiga þessi gögn.

5. Gagnamöppur

GGH leggur til að útbúnar verði möppur fyrir alla bátategundir klúbbsins. Safna í þær gögnum um hverja bátategund sbr 4 lið og geyma á einum stað á aðgengilegan hátt. Hugmyndin mælist vel fyrir.

6. Fundargerðir á netinu.

GGH hefur varpað fram tillögu um að fundargerðir siglingafélagann verði birtar á netinu. Hann innir eftir viðbrögðum við hugmyndinni, segir okkur nú hafa virka stjórn sem fundar oft. Hann segir að fundargerðir Ýmis séu á netinu. HÁ ef birt á netinu þá takmarka aðgang við ákveðna menn. BS segir að í fundargerðum komi

fram ágreiningur eða a.m.k. skoðanaskipti um flest öll mál, spyr hve vel það líti út. GGH segir að t.d. Hafnarstjórn og Bæjarstjórn og aðrar nefndir bæjarins birti fundargerðir á netinu. BS segir að t.d. skólanefnd birti bara úrdrætti um afgreiðslur. GGH leggur áherslu á að félagsmenn geti séð hvað er í gangi. TÆ lýsir sig samþykkan þessu og tekur undir með GGH. TÆ bendir á að félagsmenn geti séð þetta og komið að því sem þeir hafi áhuga á auk þess að geta komið sínum sjónarmiðum á framfæri. GGH hugsar til framtíðarinnar þegar félagið verður orðið stórt. BS bíðst til að vinna upp úr t.d fundargerð síðasta fundar eitthvað styttri útgáfu sem hæf yrði til birtingar á netinu það gætu stjórnarmenn haft til hliðsjónar. GGH leggur áherslu á að nú sé virk stjórn sem hafi fundi í hverri viku.

7. Heimasíðan

HÁ segir spurningu um að flytja heimasíðuna til símans. GGH segir að það kosti að færa lénið, að Inntís taki fyrir það. Há segir að það fari eftir hýslum hvaða möguleikar séu til að vinna síður, þ.e. hvað sé hægt að gera á síðunum. GGH og Há telja lang best að vera hjá símanum. BS segir aðkallandi að koma þessu í lag áður en sumarstarfið hefst. GGH hefur hitt Birgi Ara sem var víst ekki kátur með að Þytur hafi náð Sailing.is. Birgir vildi fá þetta fyrir SÍL og hafði hugmynd um að allir siglingaklúbbarnir yrði undir því. Há og GGH segir Ása góðan að hafa náð þessu. GGH nefnir menn erlendis sem leita að sailing á leitarsíðum, þetta sé topp lén. Tekur fram að sniðugast væri að SÍL hefði þetta þá myndu allir klúbbar njóta þess. TÆ tekur fram að það mætti semja við þá séum með þessu í góðri aðstöðu til að semja við aðra. Há segir að þurfi að a.m.k. að byrja á þessu koma upp forsiðu með síma og heimilisfangi til að byrja með. GGH upplýsir að við höfum farið út í þetta því auglýsingar frá styrktaraðilum máttu ekki vera á toto.is. TÆ finnst toto þrengja óheyrilega að þessu. GGH segir að þannig hafi þetta verið fyrir 3 árum Birgir segi að sé breytt nú. Há telur að auglýsingar verði takmarkaðar. GGH segir siglingaklúbbinn geta birt auglýsingar sem birtast við hverja heimsókn og getum haft “linka” á aðrar síður. GGH með tillögu um að taka þetta aftur upp á næsta fundi.

8. Afreksstefna siglingaklúbbsins Þyts

GGH með tillögu um að Þytur móti sér afreksstefnu og það sé gert á hverju ári. Haldin eru mót hérlandis og erlendis í öllum tegundum siglinga. GGH vill móta þetta erum að fá í okkar raðir Olympíufara. TÆ tekur undir þetta við þurfum að ákveða í hverju við viljum ná árangri en varar við of miklum og stórum hugmyndum í öllum flokkum. Vill einbeita sér að fáum flokkum fyrst. GGH segir að einhvers staðar verði að byrja móta stefnuna en þurfum ekki að stefna að því að senda alla á heimsmeistaramót. Tekur sem dæmi að stefna að ákveðnum sætum á Optimist móti. TÆ telur jákvætt ef tekst að ráða erlendan þjálfara. GGH þarf að byrja og stíga fyrstu skrefin t.d. að eiga ákveðin fjölda þátttakanda á hverju móti. T.d. eigi að stefna að því að verja Íslandsmeistaratitilinn á kjölbátum.

9. Þjálfaramál

GGH og TÆ leggja áherslu á að þurfi þjálfara það þurfi að leggja línurnar og vinna að því sem um er fjallað í 8. lið. Há veltir upp hvað þjálfari komi til með að kosta og hvernig klúbburinn geti staðið að þessu. GGH segir okkur ætla að reka klúbbinn

áfram, besta fjárfestingin er í þjálfaranum það sé hann sem trekkir að og sé festan í starfinu. TÆ segir þurfa að ráða þjálfara auk þess þurfi líka vinnu sjálfboðaliða.

10. Kvöldstarf

GGH segir að höfum í fortíðinni verið að byrja um kl. 7. BS segir að hún og Friðrik Hafberg hafi rætt þetta í tengslum við kostnaðaráætlun næsta sumars sbr. fundargerð 10. febrúar 8.lið. Segir að í fyrra hafi klúbburinn verið opinn kl 5-7. Fólki sem er í vinnu komist tæplega þá. Menn þurfi að komast heim skipta um föt fá sér að borða og aðeins að blása úr nös til að koma sér út aftur. GGH segir að það lægi með kvöldinu. BS segir að ekki sé hægt að skilja bréf Siglingamálastofnunar öðruvísi en að kröfurnar séu þær að í opnunartíma starfseminnar verði alltaf að vera a.m.k. 3 starfsmenn: 2 á björgunarbát og einn í landi og milli þeirra talstöðvarsamband. Getur tæplega séð að starfsemi klúbbsins seinni partinn eða á kvöldin geti verið undanskilið. TÆ segir að í gamla daga í Garðabænum hafi aldrei verið færri en 2. BS segir að sumarið 2000 hafi í opnunartímaklúbbsins aðeins verið einn á björgunarbátnum og enginn í landi. GGH segir að sé líka félagsstarf. BS telur hugsanlegt að koma upp einhvers konar vaktakerfi. TÆ þegar er komin opin starfsemi fara menn að kíkja við til að hitta menn og spjalla.

11. Siglingamaður ársins í Hafnarfirði.

GGH vill að Þytur útnefni siglingamann ársins í Hafnarfirði. Þytur veldi eða kysi sinn mann eins og önnur íþróttafélög bæjarins. TÆ mögulega krakki sem er að gera sitt besta.

12. Stigamál

TÆ spyr GGH um sigann upp á efri hæðina. GGH hefur minnst á þetta við Friðrik Friðriksson sem er ekki búinn að teikna hann ennþá.

13. Gluggatjöld

BS falið að gera tillögur um gluggatjöld. GGH vill rimla. BS segir að safni ótrúlegum óhreinindum og sé erfitt að þrifa þær. GGH segir að uppi þurfi rúllugardínur vegna sólarinnar. Fundarmenn vilja vandaðar og vel uppsettar gardínur. BS tekur að sér að athuga þetta.

14. Félagsfatnaður.

GGH spyr hvernig þetta mál sé statt. EK ætlaði að kanna hvað kostaði að láta gera merki sem yrðu saumuð á fatnað. (Var til umfjöllunar 27. nóv innskot BS) GGH vill að merki verði saumað í fötin. BS segir að Áskell hafi ætlað að koma í nýja jakkanum og sýna stjórninni. BS segir að ef að út í nafnbreytingu á klúbbum yrði farið þá gæti merkið breyst. GGH ekki sáttur við að fresta ákvörðun um félagsgalla í heilt ár. BS segir að aðalfundur eigi að fara með æðsta valdið í málefnum félagsins, les upp úr fundargerð aðalfundar "...Egill sammála Magnúsi um að taka upp félagsnafn, leggur áherslu á að mundi auðvelda stöðu okkar út á við, við þurfum líka enskt nafn. Setur fram sem hugmynd að gera skoðanakönnun meðal félagsmanna og að stjórnin geti kannað áhuga fyrir nafnabreytingu , ef vilji sé fyrir því má leggja það fyrir næsta

aðalfund”. GGH ekki sáttur um að fresta ákvörðun um félagsgalla í heilt ár. Segir núverandi nafn vera alls staðar í öllum samningum í bönkum hjá ÍBH, og víðar. HÁ og BS vilja frekar vera í félagi en í klúbbi. HÁ segir að virki lokað en merkið er “lógó”. GGH og TÆ sammála um að það sé mikið vesen að breyta þessu á mörgum stöðum. TÆ segir engu skipta fyrir enska nafnið. Allir sammála um að lógóið sé í merkinu. GGH rifjar upp að Friðrik Friðriksson vildi einhvern tíman breyta merkinu allt hefði “logað” í klúbbum því hafi samt verið breytt. GGH og TÆ sammála um það að sem stjórnarmenn vilji þeir frekar eyða kröftum sínum í annað en þetta. BS segir sína skoðun að þó að tekið sé upp erlent undirnafn þurfi engu að breyta í íslenska nafninu né merkinu. GGH ítrekar að hann vill halda okkar nafni. HÁ bætir við að koma með erlent nafn inn með þyts lógóinu. HÁ segir þetta part af alþjóðavæðingunni alveg eins og sailing.is.

15. Stærri verkefni

GGH segist hafa hitt bæjarstórann sagt honum að frá okkar litla félagi hafi 7 siglt til Frakklands. Segir Brokey hafaengið bitann. Úthafsfélagið ætti að stefna að meiru svona. TÆ tekur undir segir að eigum að gera meira í eigin nafni segir það hægt. GGH segir að skútan Besta hafi fengið umfjöllunina.

Fleira ekki gert og fundi slitið 21:44

Birna Sigþórsdóttir (sign)